

AUGLÝSING

**um niðurfellingu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur
sem getur haft í för með sér mengun.**

Umhverfisstofnun hefur fellt úr gildi starfsleyfi Nesskeljar ehf. til kræklingaræktar og lirfu-söfnunar á fjórum stöðum í Hvammsfirði og þremur stöðum í Króksfirði, sbr. auglýsingu nr. 735/2010 í Stjórnartíðindum.

Umhverfisstofnun hefur einnig fellt úr gildi starfsleyfi fyrir fiskimjölsverksmiðju HB Granda hf. í Þorlákshöfn, sbr. auglýsingu nr. 544/2005 í Stjórnartíðindum.

Að auki hefur Umhverfisstofnun fellt úr gildi starfsleyfi Köplu hf., þróunarfélags til reksturs rafskautaverksmiðju í Katanesi í Hvalfjarðarsveit, sbr. auglýsingu nr. 544/2005 í Stjórnartíðindum.

Starfsleyfin eru felld úr gildi frá og með 9. apríl 2014.

Umhverfisstofnun, 9. apríl 2014.

Kristín Linda Árnadóttir forstjóri.

Sigrún Ágústsdóttir sviðsstjóri.